

Nr. 845

9. september 2013

AUGLÝSING um deiliskipulag þjónustusvæðis í Skaftafelli, Sveitarféluginu Hornafirði.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 22. júlí 2013 deiliskipulag þjónustusvæðis í Skaftafelli samkvæmt 25. gr. skipulagslaga. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir verið send umsögn bæjarráðs. Deiliskipulagið felur í sér eftirfarandi:

Deiliskipulagssvæðið nær til þjónustuhlaðs í Skaftafelli, þjónustumiðstöðvar, gistiflata og Sandasels á aurnum framan við Bæjarsker og Böltu og syðsta hluta Skaftafellsheiðar, bæjarhlaða Hæða, Sels og Böltu og brekkufótarins og giljanna austan og sunnan við þau.

Deiliskipulagstillagan var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir. Skipulagsstofnun hefur afgreitt deiliskipulagið.

Deiliskipulagið öðlast nú þegar gildi.

F.h. bæjarráðs/bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 9. september 2013,

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, umhverfis- og skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. september 2013